

verið rift. Þessari staðhæfingu hefur ekki sérstaklega verið mótmælt af hálfu hinna stefndu né heldur hefur bótakröfunni sem slíkri verið mótmælt sem of hárrí. Þykir því mega taka stefnukröfurnar til greina óbreyttar að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda Magnús til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 19.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Sigurgesti Guðjónssyni og Bent Jörgenssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi Hrafn Bachmann og stefndi Svava Ingvarsdóttir eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Bjarna Th. Mathiesens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður, að því er þau varðar.

Stefndi Magnús Leópoldsson greiði stefnanda kr. 116.300.00 með 7% ársvöxtum frá 11. marz 1970 til greiðsludags og kr. 19.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. október 1972.

Nr. 100/1971. Sveinbjörn Klemenzson
(Ingi Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn

Bifreiðum & Landbúnaðarvélum h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skípuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lausafjárkaup. Gallar. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 20.644.20 með 8% ársvöxtum frá 6. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða áfrýjanda kr. 7.491.20, en málskostnaður falli þá niður.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Fallast má á það mat héraðsdómenda, að galli sá á bifreið áfrýjanda, sem er efni til skaðabótakrafna af hans hálfu í máli þessu, sé verksmiðjugalli. Fellur gallinn því undir ákvæði hins svonefnda ábyrgðarskírteinis um úrbætur á framleiðslu- og efnisgöllum. Samkvæmt ábyrgðarskírteininu er ábyrgð miðuð við sex mánuði frá afhendingardegi bifreiðar eða við það, að bifreið sé ekið 10.000 km, ef það ber fyrir að höndum.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, varð ekki vart við bilun þá, sem skaðabótakrafan í málinu lýtur að, fyrr en rúmlega tveimur mánuðum eftir að ábyrgðartímabil samkvæmt ábyrgðarskírteininu rann út. Rök hafa ekki verið að því leidd, að framangreint ákvæði sé ógilt. Samkvæmt þessu og með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur Sveinbjörn Klemenzson, Sólbarði, Álftanesi, höfðað fyrir bæjarþinginu

með stefnu, birtri 31. október 1969, á hendur Bifreiðum & Landbúnaðarvélum h/f, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 22.093.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. júní 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir aðallega þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði verulega lækkuð, enda verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. september 1968 kaupir stefnandi bifreið af Moskvitch gerð, skrásetningarnúmer G 403, árgerð 1968, af stefnda. Sama dag undirritaði stefnandi ábyrgðarskírteini, þar sem m. a. segir, að ábyrgð stefnda renni út eftir 6 mánuði frá afhendingardegi, en þó gildi hún aldrei fram yfir 10.000 km akstur.

Í ábyrgðarskírteini þessu segir m. a.: „Fyrir hönd framleiðenda ábyrgjast Bifreiðar & Landbúnaðarvélur h/f (hér eftir nefnt fyrirtæki) bifreið þá, er skírteini þetta hljóðar á, gegn framleiðslu og/eða efnisgöllum, þannig að fyrirtækið mun sjá um viðgerð á hinum gallaða hlut eða útvegum og ísetningu nýs hlutar í stað hins gallaða, enda hafi verið tilkynnt um meintan galla svo fljótt sem auðið er og því til staðfestingar komið með bifreiðina til fyrirtækisins eða til þess aðila, er það vísar til, áður en ábyrgð þessi rennur út, sem er 6 mánuðir frá afhendingardegi eða ef bifreiðinni hefur verið ekið 10.000 km innan þess tíma“.

Í ábyrgðarskírteininu er það tekið fram, að það taki gildi, þegar fyrirtæki og kaupandi hafi undirritað skírteinið við afhendingu bifreiðarinnar. Þá segir einnig svo í skírteini þessu: „Fram yfir ofangreinda skilmála getur kaupandinn ekki gert neinar ábyrgðar- eða skaðabótakröfur á hendur fyrirtækinu né heldur er hægt að gera fyrirtækið og/eða framleiðanda ábyrga á nokkurn hátt vegna beinna eða óbeinna afleiðinga, sem kunna að verða vegna framleiðslu-, efnis- eða byggingargalla“.

Stefnandi kveður nokkra smávægilega galla hafa komið fram á bifreiðinni eftir afhendingu hennar. Háspennukefli hafi t. d. brotnað. Enn fremur kvað stefnandi bifreiðina hafa unnið lítið fyrstu mánuðina. Kvartaði hann undan þessu við stefnda, og var reynt að bæta úr því með að skipta um kerti og plátínur, en góð vinnsla hafi aldrei fengizt í bílinn, enda þótt hún hafi heldur

batnað. Stefndi bætti stefnanda þessa smávægilegu galla, og er ekki deila um þá í máli þessu.

Það mun hafa verið í maí 1969, sem óeðlilega tók að heyrast í drifi bifreiðarinnar. Kveðst stefnandi þá hafa farið með bifreiðina á verkstæði stefnda. Hafi starfsmenn hans fyrst talið, að ró, sem heldur hjörulið á pinnjóninum, væri laus. Hafi bifreiðinni verið lyft upp til að athuga þetta, en þá komið í ljós, að svo hafi ekki verið. Kveður stefnandi starfsmenn stefnda þá hafa sagt við sig, að hann yrði að taka bifreiðina upp, en sjálfir hafi þeir ekki viljað gera það, þar sem þeir hafi talið ábyrgðartímann út runninn. Kvaðst stefnandi þá hafa sagt þeim, að hann mundi laga þetta sjálfur, ef þeir létu hann hafa lagerana. Því hafi þeir neitað. Fór stefnandi við svo búið með bifreið sína af verkstæðinu og tók sjálfur upp drif hennar, enda er stefnandi vélvirki og vélstjóri að mennt. Kvað stefnandi mismunadrifið hafa verið mjög illa unnið af hálfu verksmiðjunnar með gráðum, sem staðið hafi út í loftið, og óhreinindi hafi verið í drifinu. Kvaðst hann hafa fundið málmspæni í drifinu. Hafði stefnandi þá aftur samband við hið stefnda fyrirtæki og óskaði úrbóta af þess hálfu, en þeirri málaleitan hans var synjað á þeirri forsendu, að ábyrgðartími væri út runninn.

Með bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5. júní 1969, óskar stefnandi þess, að dómkvaddir séu tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að skoða, lýsa og meta til verðs galla á drifinu svo og annað tjón vegna gallanna. Í matsbeiðni þessari segir m. a. svo: „Fyrir fáeinum dögum skeður það, að heyrast fór óeðlilega í drifinu. Tók umbj. m. þá drifið í sundur, og kom þá í ljós, að í olíunni var mikið svarf og auðséd á legum, að þær væru farnar að slitna óeðlilega mikið. Þá virtist mismunadrifshúsið vera óhreinsað úr steypumótum. Seljendur bifreiðarinnar hafa reynzt ófáanlegir til að bæta úr göllum þessum“.

Hinn 6. júní 1969 dómkvaddi sýslumaðurinn þá Vilhjálm Sveinsson bifvélavirkjameistara og Reyni Guðbjörnsson vélvirkja til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsmennirnir framkvæmdu mat sitt hinn 7. júní s. á. Í matsgerð þeirra segir m. a. svo:

„Þetta kom í ljós við matsgerðina.

I. Pinnjón og kambur voru mjög hrjúfir og skemmdir, pinnjónslegur ónothæfar.

II. Hliðarlegur voru í nothæfu ástandi, vafasamar þó, og þar

sem svo mikið er búið að taka í sundur, teljum við sjálfsagt að skipta um þær.

Ástæður fyrir skemmdum teljum við vera eftirfarandi:

- I. Pinnjónslegur ekki rétt stilltar saman.
- II. Drifhús og mismunadrifhús illa hreinsað í upphafi. Í ljós kom, að mikill steypusalli og borspænir voru í olúnni, sem af drifinu kom. Þessi óhreinindi hafa farið um alla slitfleti í drifinu og skemmt þá. Við teljum með hliðsjón af þessu, að eigandi geti notað drifið einhvern óákveðinn tíma, en honum verði bætt drifið sem svarar til 70% af nýju drifi.

Annar kostnaður.

Vinna í 10 st. 180 1.800.00

Bílakostnaður og fl. 350.00

Að beiðni eiganda var km mælistaða tekin, og var hún 8236 km“.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína og jafnframt borið, að þeir hafi talið slitfleti drifsins vera orðna það slitna, að þurft hafi að skipta um þá.

Um það bil þrem vikum eftir viðgerð á drifi bifreiðarinnar tók að urga í tengsli hennar. Ágerðist bilun þessi svo, að ekki var mögulegt að skipta bifreiðinni, vegna þess að tengslið sleit ekki. Tók stefnandi þá undan hlíf á sveifluhjóli. Komu þá í ljós eftirfarandi gallar: Ballansgaffallinn, sem heldur tengslisvogarstönginni, var laus og tengsliskolið einnig laust í kolahaldaranum. Ballansgaffallinn er ekki hægt að festa, vegna þess að hann er festur með tveimur undirsinkuðum skrúfum, sem eru á milli gir-kassa og tengslishúss, og verður að taka gir-kassann niður til þess að komast að til að herða skrúfurnar. Þegar gir-kassinn var kominn niður, athugaði stefnandi tengslið og tengslisdisk. Kveður hann, að þá hafi komið í ljós, að tengslisborðar hafi verið mjög slitnir, eða inn í hnoð, og einn af þremur balansörmum í þrýstiplani hafi verið brotinn. Hafi hann því sett nýtt tengsli og tengslisdisk. Meðan viðgerð þessi fór fram á tengslinu, kveðst stefnandi hafa tekið eftir því, að feiti hafi verið á hemladiski að neðan við hægra afturhjólíð. Til þess að athuga þetta dró hann afturöxulinn út. Kveður hann þá hafa komið í ljós, að feiti hafi verið komin inn á bremsur. Við nánari athugun kveður hann pakkninguna við feitihöldu hafa verið gallaða og í fellingum milli platnanna á feitihöldu og hafi feitin farið þar inn á bremsur. Til að endurnýja pakkningu í feitihöldu kveðst stefnandi hafa þurft að taka krumpaða stopphringinn og legu af öxli. Allt hafi þetta verið

endurnýjað. Þegar viðgerð þessi fór fram, segir stefnandi, að mælistaða bifreiðarinnar hafi verið 9120 km. Telur stefnandi, að hér sé um að ræða handvömm í samsetningu og stillingu bifreiðarinnar, með öðrum orðum skýra verksmiðjugalla, sem stefnda beri að bæta sér að fullu. Meðan á viðgerð þessari stóð, kallaði stefnandi framangreinda matsmenn til sín sem fagmenn til þess að líta á verksummerki. Hafa þeir borið hér fyrir réttinum, að þeir telji skýrslu stefnanda, sem nú hefur verið rakin, rétta í þessum efnum.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar á þessa lund:

1. 70% af nýju drifi	kr. 6.300.00
2. Vinna og bílkostnaður samkvæmt mati	— 2.150.00
3. Afnotamissir í 3 daga	— 1.500.00
4. Legur og pakkdós samkvæmt reikningi	— 1.057.00
5. Dómkvaðning	— 500.00
6. Reikningur matsmanna	— 2.000.00
7. Vanreiknaður kostnaður vegna viðgerðar á drifi og varahlutakaup	— 2.700.00
8. Viðgerðarkostnaður við tengsli og bremsur	— 5.886.00

Samtals kr. 22.093.00

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að framan- greindir gallar séu upprunalegir, þ. e. verksmiðjugallar. Stefndi hljóti að bera ábyrgð á slíkum leyndum göllum samkvæmt al- mennum skaðabótareglum. Gallar þessir hafi ekki komið fram, fyrr en bifreiðin hafi verið notuð í nokkurn tíma, en það geti að sjálfsögðu verið breytilegt, hvenær slíkir leyndir gallar komi fram, það fari eftir eðli þeirra.

Samkvæmt 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 19. júní 1922 er ábyrgðartími á gölluðum söluhlut minnst 1 ár, en getur orðið lengri. Af þessum sökum telur stefnandi, að meta beri 6 mánaða ábyrgðartímamann, sem stefndi ber fyrir sig, sem óskráðan og eingöngu miða við fresti þá, er settir eru í nefndri 54. gr. laga um lausafjárkaup.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur hinn 27. september 1968 undirritað ábyrgðarskírteini og þar með samþykkt skilmála þess efnis, að ábyrgð stefnda á göllum, er fram kynnu að koma, þar með verksmiðjugöllum, falli niður, þegar 6 mánuðir séu liðnir frá afhendingardegi, sem sé 27. marz

1969. Í matsbeiðni lögmanns stefnanda til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5. júní 1969, segir m. a.: „Fyrir fáeinum dögum skeður það, að heyrast fór óeðlilega í drifinu“. Af þessu sé ljóst, að það sé ekki fyrr en rúmlega tveim mánuðum eftir að ábyrgð stefnda renni út, að vart verði við bilun þá, sem stefnt er um í máli þessu. Mótmælir stefndi því eindregið, að samningar um lok ábyrgðar stefnda séu ekki í fullu gildi, enda séu löggin um lausafjárkaup undanþæg að þessu leyti og hafi aðiljar fullt frelsi til að semja um annan ábyrgðartíma en í 54. gr. þeirra laga geti. Þá bendir stefndi enn fremur á það, að stefnandi sé vélvirki og vélstjóri að mennt og ekkert sé fram komið í málinu, sem leiði til þess, að samningar málsaðiljanna um ábyrgðartímann hafi ekki fullt gildi.

Í 1. gr. laganna um lausafjárkaup nr. 39 19. júní 1922 segir m. a., að ákvæðum þeirra laga skuli því aðeins beita, að ekkert annað sé um samið berum orðum. Er stefnandi fékk bifreiðina afhenta hinn 27. september 1968, sömdu málsaðiljar um 6 mánaða ábyrgðartíma frá afhendingu bifreiðarinnar. Er sá samningur gildur. Því eiga ábyrgðarákvæði 54. gr. laganna um lausafjárkaup ekki við hér. Gallar þeir, sem stefnt er um í máli þessu, koma eigi fram, fyrr en eftir að hinn umsamdi ábyrgðartími er út runninn. Verður því eigi hjá því komizt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, enda þótt rétturinn líti svo á, að hér hafi verið um verksmiðjugalla að ræða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðar & Landbúnaðarvélar h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sveinbjarnar Klemenzsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.